

Nd.

675. Nefndarálit

[40. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 73/1980, um tekjustofna sveitarfélaga.

Frá félagsmálanefnd.

Félagsmálanefnd hefur rætt frv. Fyrir nefndinni hafa legið erindi sveitarstjórna og sumarbústaðaeigenda varðandi málið. Nefndin varð sammála um að rétt væri að lækka fasteignaskatt á sumarbústöðum úr 1% af fasteignamati lóðar og mannvirkja í ½%. Fyrir því flytur nefndin sameiginlega breytingartillögu á þskj. 676 og mælir með því að frv. verði samþykkt þannig breytt.

Alþingi, 25. apríl 1984.

Þorsteinn Pálsson,
form., frsm.

Jóhanna Sigurðardóttir,
fundaskr.

Halldór Blöndal.

Svavar Gestsson.

Eggert Haukdal.

Valgerður Sverrisdóttir.

Stefán Guðmundsson.